









SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - HÓLASKÓGUR - DEILISKIPULAG




Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Samþykkt deiliskipulags var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



Úr gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016



Úr drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpvrh.



Yfirlitsmynd yfir skálavæðið í Hólaskógi



Breyting á uppdrætti: 27. júlí 2018 - umfjöllun í greinargerð um formínjar skv. umsögn Minjastofnunar Íslands, bréf dags. 3. júlí 2018.

Greinargerð
Um er að ræða deiliskipulag fyrir landsplúða á Gnúpverjafrétti í Árnessýslu. Gnúpverjafréttur er innan þjóðlendu og skipulagssvæðið er því á forræði forsætisráðuneytisins og framkvæmdir tilkynningaskyldar skv. 12. gr. laga nr. 106/2000, flokk 12.05 - B.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og tekur til afmörkunar á fórum löðum. Í aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem jadarmistöð og verslunar og þjónustusvæði og innan afmörkunar hverfisverndar. Hverfisverndarákvæðið tekur aðallega til náttúrminja í Þjórsárdal og fossanna sem eru í Fossá og Rauða, en þær renna sitthvoru megin við Hólaskóg. Hólaskógur er skilgreindur sem jadarmistöð í Landskipulagsstefnu 2015-2026.

Málsmeðferð.
Deiliskipulagið er gert að frumkvæði sveitastjómur Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hefur verið kynnt og sent til umsagnar. Umsagnir bárust frá Forsætisráðuneyti, bréf dags. 30. maí 2018, frá Umhverfisstofnun d. 2. júlí 2018 og frá Minjastofnun Íslands d. 3. júlí 2018.

Uppdráttur.
Uppdrátturinn er unninn upp úr gps mælingögnum, en mæling fór fram á staðnum, framkvæmd af starfsmanni Búnaðarsambands suðurlands og einnig samkvæmt uppdrætti loftmynd.

Markmið.
Skipulaginu er ætlað að staðfesta núverandi mannvirkni og stuðla að bættri aðstöðu fyrir starfsmenn og ferðamenn á svæðinu, auk þess sem markmiðið er að stuðla að viðhaldi og endurnýjun mannvirkja.

Formínjar.
Í umsögn Minjastofnunar frá 3. júlí 2018 er vakin athygli á tóft úr grjóti og torfi í austurhorni lóðar 3, skammt suðaustan hestaskemmu sem ekki má hreyfa við og raska án vitundar og samþykkis Minjastofnunar. Engar aðrar þekktar mínjar eru innan deiliskipulagsmarka. Kofi hláðinn úr torfi og grjóti er á staðnum, hann var upphaflega reistur 1936 og var endurbbyggður í upprunalegri mynd árið 1996, hann telst ekki til formínja. Kofinn var reistur á sínum tíma sem skjýli fyrir fjallmenn og þá sérstaklega eftirlitara (þ.e. þeir sem fóru síðastir til fjárleita á hausti). Fyrir þann tíma virðist sem útbúið hafi verið skjýli í Gjánni sem er í Þjórsárdal suðvestan við Hólaskóg. Frá því segir í riti Sögufélags Árnæsinga nr. VI að „það hús, eða öllu heldur afdröp sem fyrst hefur verið notað til skjóls fyrir eftirlitara, er hellisskúti í klettinum í Gjánni í Þjórsárdal“. (Árnæsingar rit VI, sögufélag Árnæsinga bls.138) Af því er dregin sú ályktun að ekki hafi verið nein þekkt mannvirkni í Hólaskógi fyrir 1936.

Samkvæmt 2. mgr. 24. Gr.laga um formínjar nr. 80/2012 þar segir:.....Finnist formínjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fjótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef formínjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá er fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.“

Mat á umhverfisáhrifum.
Landslag og aðstæður - Hólaskógur stendur austanundir ávolum ásum Stangarfells í um 280m h.y.s. á svokölluðu Hafi sem er hásléttu norðan Búrfells. Landið er markað af nálægð við Heklu, en eldstóðin hefur í gegnum tíðina ausið vikri yfir svæðið og umhverfi þess. Þetta hefur haft áhrif á bæði landslag og landgæði. Jarðvegur er af þeim sökum sendinn og viðkvæmur og má sjá þess merki í dældum og

Uppdráttur þessi er teknubúur í hnitakerfinu ISN03 og byggir á gps mælingu og uppdrætti mynd frá Loftmælum ehf.

lækjarfarvegum í nágrenninu. Skálavæðið er staðsett undir lágum grýttum ás á vel grónum grundum í góðu skjóli fyrir norðanáttum. Innan safngirðingar er að mestu hálfgerður þerangur. Greinlegt er að girðingar og timburverk er sígað af snjó yfir vetrartímann.

Mannvirkni ástand.
Á svæðinu standa þrjár byggingar, elsta húsið er kofi hláðinn úr grjóti og torfi stendur á lóð 2, reistur upphaflega 1936 og endurbbyggður 1996 og er í nokkuð góðu ástandi. Fjallmannaskáli og hesthús, reist 1975 á lóð 3, og telst ekki í góðu ástandi. Nýjasta húsið er tveggja hæða Fjallaskáli reistur 1998 á lóð 1 og er í góðu ástandi, með hreinlætis og eldunar aðstöðu. Girðingar og hestaöðhald við Fjallmannaskála og hesthús eru í löku ástandi. Mikið starf hefur verið unnið í uppgræðslu austur af skálavæðinu.

Niðurstaða.
Áning fjallamanna í Hólaskógi hefur verið þar síðan 1936, síðasta áning að hausti áður en haldið er með féð til byggða. Með aukinni ferðamennsku um hálendið hefur notkun svæðisins aukist mikið og er það talið öryggisatriði að hafa skála á jafni hálendisins. Einnig eru í því fölginn aukin tækifæri varðandi allskyns ferðaþjónustu. Lita má á slíkar jadarmistöðvar sem nokkurskonar hlíð inn á hálendið, þar sem hægt er að fá upplýsingar og aðra þjónustu. Umferð um svæðið fer vaxandi, því í nágrenni Hólaskógar eru margar náttúrperlur og kallar aukin umferð á aukna þjónustu og eftirlit. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem jadarmistöð, sem stendur á verslunar og þjónustusvæði og er gert ráð fyrir aukningu í þjónustu. Deiliskipulagið er því talið styrkja grundvöll frekari starfsemi og uppbyggingu.

Varðandi safngirðingu og hesta aðhald, er ekki óalgerlegt að slík höf, á hálendinu, séu sett niður þar sem er gróðursnauðt og er það gert til að spilla ekki þeirri gróðurbekju sem fyrir hendi er. Greinlegt er að mikill snjó safnast í gídragið sem girðing og aðhald liggur í á veturina og hefur það áhrif á endingu og viðhald girðinga. Girðingar og aðhald stendur til að laga og með því að lagfæra Fjallmannaskála (lóð 3) gæti hann gegnt hlutverki neyðarskýlis fyrir ferðalaga auk þess sem ætlunin er að þjóni þörfum hestaferðamanna og gangnamanna.

Aðkoma.
Aðkoma er frá Þjórsárdalsvegi 32 um Háafossveg 332.

Um hverfisþáttur	Vægi á áhrifa
vatn	0
Gróður, jarðmyndanir og náttúrminjar	+/-
Heilsa og öryggi	+
Hagrænir og félagslegir þættir	+
Landslag og sjónræn áhrif	+
Meningaminjar	0
núll kostur	-

Byggingarskilmálar á löðum:

Hólaskógur 1 - (15.000m²).
Á löðinni stendur fjallaskáli (L186970), tveggja hæða skáli sem tekur um 60 manns í gistingu, með rafmagnni, tveimur eldhúsum, heitu- og köldu vatni og hreinlætisadstöðu. Vegna aukinnar ferðamennsku er ekki ólíklegt að bæta þurfi við hreinlætisadstöðuna. Vatnsból er í hlíðinni norðaustan við skálann. Gert er ráð fyrir bilastæðum og rútustæðum á löðinni við skálann. Skálinn hefur síðustu árin verið leigður út til ferðaþjónustuaðila og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Hólaskógur 2 - (5.241m²).
Á löðinni er Fjallmannaskálinn sem hláðinn er úr grjóti og torfi. Ekki er fyrirhuguð frekari uppbygging á þessari löð, heldur að varðveita það mannvirkni sem þar er fyrir. Það gefur svæðinu aukid gildi að sjá þann mun á aðstöðu sem orðið hefur. Óheimilt er að breyta kofanum og er hann minjar um eldri tíma. Gera skal ráð fyrir bilastæðum innan lóðar.

Hólaskógur 3 - (2.278m²).
Á löðinni er Fjallmannaskáli og hesthús (L166704) byggt 1975 járnklett timburhús á einni hæð. Húsið hefur ekki verið mikið notað til gistingar síðan nýi skálinn var byggður og hefur að mestu nýst sem reitþyggjageymsla fyrir fjallmenn og hestaferðahopa. Hesthúsið er notað sem skjýli fyrir hross í síðustu leitum á haustin. Fyrirhuguð er að gera húsið upp og hafa þar aðstöðu fyrir fjallmenn og hestaferðahopa. Heimilt er að endurgera hús á einni hæð allt að 250 m². Rafmagn er aðgengilegt við lóðamörk og gera skal ráð fyrir rennandi vatni, salernum, eldunaraðstöðu og bilastæðum innan lóðar. Vakinn er sérstök athygli á því að í suðausturhorni lóðar, skammt suðaustan hestaskemmu er tóft úr grjóti og torfi sem ekki má hreyfa við né raska án vitundar og samþykkis Minjastofnunar.

Hólaskógur 4 - (195.446m² eða um 20ha).
Safngirðing, þessi lóð er afgrítt með girðingu og er notuð til að geyma fjársafn það sem kemur af afreittinni á haustin og gangnasta. Einnig er hluti girðingarinnar notaður fyrir hross þeirra hópa sem ferðast á hestum inn á afreittinn á sumrin. Ekki er fyrirhuguð frekari mannvirkjauppbygging á löðinni önnur en viðhald girðinga og aðhalds.

Almennir skilmálar deiliskipulags
Byggingar skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. og aðrar reglugerðir þar að lútandi. Lagin; vatn er leitt í skála á lóð 1 og 3, úr vatnsbóli í hlíðinni norðaustan við Hólaskóg 1. Frárennslu, skal leitt í hreinsivirkni og skal frágangur vera skv. reglugerð um fráveitur nr. 798/1999 og leiðbeininga UST 2004-03. Rafmagn er til staðar á svæðinu og kemur frá Rank.

Gæta skal að samræmdu útliti húsa við endurbætur og að þau falli vel að landslaginu. Húsgerðir og mænisstefna eru fjálsár að öðru leyti en því sem skilmálar þessir og byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Hólaskógur 1, Skáli byggður 1998 mkv. 1:1000

Hólaskógur 2, Skáli byggður 1936 - mkv. 1:1000

Hólaskógur 3, Skáli byggður 1975 - mkv. 1:1000

Skýringar:

- Lóðamörk
- Deiliskipulagsmörk
- Byggingareltur
- Númer lóðar
- Núverandi hús
- Flatarmál lóðar
- Vatnsból
- Spennistöð
- Bilastæði
- Akvegur
- Hæðarlínur
- Minjar (staðsetning ónákvæm)

HEITI VERKS:
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR HÓLASKÓGUR

HEITI TERNINGAR:
DEILISKIPULAG

VERNRN: 217-001 MALK: 1:1000 í A1 TERNING NR: _____

TERNAD AF: 99 HANNAÐ AF: 4. maí 2018 DAGS TERN: 4. maí 2018

YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: _____ TEKIN BREYTT: 27. júlí 2018

Tillaga í auglýsingu

LANDFORM LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA sími: 482 4000
AUSTURVEGI 6 800 SELFOS veffang: www.landform.is